

AUGLÝSING

7

2. jan.

um notkun heimildar laga nr. 74 7. maí 1940, um innheimtu á ýmsum gjöldum árið 1941 með viðauka.

Hér með er auglýst, að ákveðið hefur verið að nota heimild laga nr. 74 7. maí 1940 og innheimta eftirtalin gjöld árið 1941 með viðauka:

- a) Eignarskatt, álagðan 1941 samkv. lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó verður ekki innheimt álag, sem nemur minna en kr. 3.00 hjá gjaldanda.
- b) Vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkv. lögum nr. 75 27. júní 1921 með 25% viðauka.
- c) Skemmtanaskattur samkv. lögum nr. 56 31. maí 1927 af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó verður ekki innheimtur viðauki við skemmtanaskatt af leiksýningum, hljótleikum og söngskemmtunum innlendra manna.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 1. mgr. 3. gr. fyrr nefndra laga og gjöld þau, sem greinir í 2. mgr. sömu greinar eru undanþegin honum.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

8

2. jan.

um notkun heimildar í 1. gr. laga nr. 96 14. maí 1940, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga til þess að afla tekna í ríkissjóð og jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga.

Hér með er auglýst, að ákveðið hefur verið að nota heimild 1. gr. laga nr. 96 14. maí 1940, um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga og innheimta á árinu 1941 gjöld þau, sem um er rætt í 3. og 4. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.